

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Gardatorg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hhk@heilbrigdiseftirlit.is

Hafnarfjarðar- og
Kópavogssvæðis

Hafnarfjarðarbær
C.o. Guðmundur Elíasson umhverfis- og veitustjóra
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður

| | |
|-------------------------------------------------------------------------------------|------------------|
|  | Hafnarfjarðarbær |
| Innk: | 14.03.2019 |
| Málsnr: | 1903277 |
| Bréfsl: | 553 |

08.40 PS Garðabær 11. mars 2019

B.t. Umhverfis- og framkvæmdaráðs

Varðar:

Ítrekaðar kvartanir undan hávaða og ónæði frá skolpdælum í brunni við Klukkuvelli 9 í Hafnarfirði.

Frá vordögum 2016 hafa íbúar að Klukkuvöllum 9 í Hafnarfirði, Alma Björk Ástþórsdóttir og Einar Pétursson, margítrekað haft samband við heilbrigðiseftirlitið vegna hávaða og annars ónæðis sem þeir verða fyrir vegna staðsetningu á skolpdælum sem eru í brunni við hús þeirra. Dælurnar þjóna fjölda húsa í næsta nágrenni við heimili þeirra.

Kvartanir íbúanna hafa bæði borist símleiðis og með tölvupóstum. Póstarnir hafa einnig verið sendir á ýmsa forsvarsmenn hjá Hafnarfjarðarbæ.

Heilbrigðiseftirlitið hefur staðfest að hávaði og titringur frá dælunum leiði inni í húsnæðið. Hvímleitt ónæði sem fólkid hefur neyðst til að umbera allt of lengi. Að sögn þeirra hefur ónæðið farið vaxandi samfara því að fleiri hús hafa tengst kerfinu og við hefur bæst tíðar stíflanir í dælum með tilheyrandi ónæði vegna vinnu við upptöku þeirra. Tekið skal fram að fráveitan hefur gripið til ýmissa ráða til að draga úr óþægindunum en ljóst er að þær aðgerðir hafa ekki dugað. Ónæðið er áfram til staðar.

Heilbrigðiseftirlitið beinir því til Umhverfis- og framkvæmdaráðs að finna varanlega og skjóta lausn á þessum vanda. Íbúarnir hafa neyðst til að umbera þetta ónæði í allt of langan tíma. Eftirlitið beinir því til ráðsins að það upplýsi íbúa Klukkuvalla 9 og heilbrigðiseftirlitið til hvaða lausna verði gripið og hvenær þeim úrbótum verði lokið.

F.h. heilbrigðiseftirlits,

Páll Stefánsson
heilbrigðisfulltrúi

